



## Fundargerð samgöngunefndar SSA Fundur nr. 4 starfsárið 2014 – 2015

Fundur var haldinn í samgöngunefnd Sambands sveitarfélaga á Austurlandi þriðjudaginn 26. maí 2015, kl. 15:00 í húsakynnum Austurbrúar að Vonarlandi á Egilsstöðum.

Mættir: Anna Alexandersdóttir, Andrés Skúlason, Einar Már Sigurðarson (formaður), Eyjólfur Sigurðsson, Arnaldur Sigurðsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Helgi Hlynur Ásgrímsson og Margrét Guðjónsdóttir. Auk þess sat fundinn Björg Björnsdóttir, verkefnastjóri sveitarstjórnarmála sem ritaði fundargerð.

Einar Már Sigurðarson stýrði fundi.

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykkis.
2. Staðan í flugvallarverkefni. Gestur fundarins var María Hjálmarsdóttir, verkefnisstjóri flugvallarverkefnis og kynnti hún hugmyndir um millilandaflug frá og til Bretlands sem nú eru í burðarliðnum.
3. Ályktanir í samgöngumálum – undirbúningur fyrir aðalfund SSA 2015. Verkefnastjóra og formanni nefndar falið að halda áfram tillögugerð fyrir aðalfundinn. Tekið fyrir á síðasta fundi nefndarinnar í haust.
4. Beiðni eigna-, skipulags- og umhverfisnefndar og bæjarráðs Fjarðabyggðar um að samgöngunefnd SSA skoði kosti og galla þess að almenningsamgöngur á Austurlandi verði settar í byggðasamlag í samstarfi við önnur sveitarfélög á Austurlandi.  
**Samgöngunefnd telur í ljósi þeirrar óvissu sem nú ríkir um framkvæmd almenningsamgangna á Austurlandi sé ekki tímabært að taka til umræðu annað rekstrarfyrirkomulag.**
5. Önnur mál.
  - Bókun stjórnar SSA frá fundi 19. maí sl. um grunnvinnu sveitarfélaga vegna ljósleiðaravæðingar. **Samgöngunefnd hvetur sveitarfélögin til að hefjast handa sem fyrst við þessa grunnvinnu þannig að niðurstaða hennar liggja fyrir tímanlega fyrir aðalfund SSA, eða eigi síðar en 15. september.**
  - Sveitarstjórnarmenn á suðursvæðinu vöktu athygli á ótryggu gsm-sambandi þar. Verkefnisstjóra falið að senda formlega fyrirspurn til Mílu (þjónustuaðila) vegna málsins.
  - Samgöngunefnd felur verkefnisstjóra að óska eftir fundi með innanríkisráðherra hið allra fyrsta vegna alvarlegrar stöðu í samgöngumálum á Austurlandi.

Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 8. september kl. 15.00 á Egilsstöðum.  
Fundi slitið kl. 17.20.

Andrés Skúlason

Anna Alexandersdóttir



---

Einar Már Sigurðarson

---

Margrét Guðjónsdóttir

---

Eyjólfur Sigurðsson

---

Arnaldur Sigurðsson

---

Gunnþórunn Ingólfisdóttir

---

Helgi Hlynur Ásgrímsson